

7

**VIÐMIÐ
SELTJARNARNESS**

**Í ÁTT AD SAMHENTU OG VISTVÆNU
SAMFÉLAGI TIL FRAMTÍÐAR**



Inngangur

Bæjarstjóri og umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar óskuðu eftir ráðgjöf Alta við samráð við íbúa um ýmsa málaflokka sem snúa að umhverfismálum, útivist og vellíðan íbúa. Gögnin sem verða til eru fódur inn í endurskoðun umhverfisstefnu Seltjarnarnesbæjar en þjóna jafnframt þeim fjölmörgu er vinna að umhverfis- og samfélagsmálum í breiðu samhengi. Í tengslum við þessa vinnu var áhugi fyrir því að leita til íbúa eftir hugmyndum og sjónarmiðum varðandi framtíðarsýn í þessum málaflokkum en jafnframt að upplýsa íbúa um stöðu mála og hvað hefur verið gert á undanförunum árum. Seltjarnarnesbær taldi mikilvægt að íbúar væru virkir þátttakendur í þessu ferli.

Seltjarnarnes hefur markað sér stefnu á sviðum umhverfis- og samfélagsmála sem ýmist birtist í sérstökum stefnuskjölum, staðardagskrá 21 eða aðalskipulagi. Á grunni þessarar stefnu hefur á síðastliðnum árum verið unnið að ýmsum verkefnum til að bæta umhverfi og samfélag. Á íbúafundi var m.a. rætt um stöðu mála og verkefni sem varða náttúruna, heita vatnið, útivist, íþróttamál, umferðaröryggi og almenn öryggismál. Þörf er á að hnyta þær áherslur sem markaðar hafa verið og verkefni sem unnið er að, saman í eina heildarmynd og gera betur grein fyrir hvernig unnið er að sama marki.

Seltjarnarnes vill leitast við að skapa vistvænt og samhent samfélag. Vilji er til að fylgja áherslum sjálfbærrar þróunar og samfélagslegrar ábyrgðar en þær eru í grófum dráttum:

- » Að vinna út frá heildarsýn og þverfaglegri nálgun
- » Að virkja íbúa til þátttöku og hafa samráð við þá og aðra hagsmunaaðila
- » Að líta á vistkerfi sem grundvallareiningu við áætlanagerð og skipulagsvinnu
- » Að taka tillit til hnattrænna vandamála
- » Að horfa til langs tíma

Nálgun og aðferðafræði

Nýting auðlinda og umhverfismál er orðið eitt helsta viðfangsefni ríkja heims og það verður æ meira aðkallandi að finna jafnvægi milli verndar og uppbyggingar sem stuðlar að velferð íbúa og samfélagsins alls. Þetta jafnvægi er það sem kallað hefur verið sjálfbær þróun. Velferð felur í sér lífsgæði sem takmarkast ekki eingöngu við efnahagsleg gæði heldur einnig gæði á borð við heilnæmt umhverfi, aðgang að svæðum til útivistar, menningarlega fjölbreytni og samfélagsþjónustu (*Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010 - 2013*).

Ramminn utan um sjálfbæra þróun er afar víðtækur og ekki alltaf auðveldur viðfangs. Erlendis er þekkt að afmarka vinnuna við áþreifanlegt svæði. Góð rök hniga til þess að hverfi geti þjónað sem æskileg afmörkun þar sem það myndar rammann utan um umhverfi og daglegt líf íbúanna sem í því búa. Hverfi gefur loforð um að íbúar þess tilheyri samfélagi sem er undirstaða lífsins.

Hugmyndir fólks um lífvænlegt hverfi eru afar líkar þrátt fyrir mismunandi lífsstíl. Almenn kys fólks hverfi sem þykja aðlaðandi, eru örugg, með góðri staðbundinni þjónustu, góðu aðgengi að opnum svæðum og almenningsrymum og góðum tengingum að nærliggjandi svæðum. Fólk vill tækifæri til að efla náungakærleikann og taka þátt í félagslegum athöfnum. Þannig getur skipulag og grunngerð hverfisins haft bein áhrif á heilbrigði og velferð íbúanna sem í því búa. Heilbrigði í þessu samhengi snýst um líkamlega, andlega og félagslega vellíðan. Öll viðmið í stjórnsýslulegri ákvörðunartöku er varða skipulag nýrra og endurnýjaðra hverfa ættu að stuðla að og ýta undir heilbrigði íbúa og samfélagsins alls. Það er sjaldnast þörf á því að endurskapa hverfin frá grunni heldur liggur meginvinnan í því að styrkja og efla æskilegt athafnamynstur íbúanna sem þar búa (*Shaping Neighbourhoods: For Local Health and Global Sustainability, 2010. 2. útg.*).

Í þessu verkefni var horft til þeirra hugmynda sem eru reifaðar hér að ofan. Seltjarnarnes er grunneining sem hentar afskaplega vel að horfa á sem hverfi. Erlendis eru hverfi oft skilgreind sem 4.000 – 5.000 íbúa hverfi, þ.e. nógu stór til að geta haldið uppi grunnskóla og staðbundinni þjónustu á borð við hverfisverslanir. Auk þess var stuðst við leiðbeiningar úr ýmsum áttum sem eiga það sameiginlegt að vera í samræmi við „bestu venjur.“ Þannig tekur stöðugreiningin sérstaklega til málaflokka sem horft er til í þessu samhengi. Þess má jafnframt geta að sótt er í viðmiðanir viðurkenninga um gott skipulag svo sem *The International Awards for Liveable Communities, European Green Capital Award* og *Álaborgarskuldbindingarnar*,

Sjö viðmið Seltjarnarness má líta á sem regnhlíf og leiðbeiningar til allra þeirra er vinna að málaflokkum tengdum umhverfis- og samfélagsmálum á Seltjarnarnesi og vilja veg þeirra sem mestan.

Heimildir og aðföng til úrvinnslu.

- » Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri. Samtöl og fundir.
- » Fundur með lykilstarfsmönnum, nefndarformönnum og nefndarmönnum 6. desember 2012.
- » Opið íbúáþing, haldið 7. febrúar 2013 í Valhúsaskóla.
- » Aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar 2006 – 2024.
- » Ársskýrslur Seltjarnarnesbæjar.
- » Fjölskyldustefna Seltjarnarnesbæjar.
- » Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi. 2006. Fornleifastofnun Íslands.
- » Forvarnastefna Seltjarnarnesbæjar. Október 2010. Seltjarnarnesbær.
- » Frumrannsókn á lífríki Búðartjarnar á Seltjarnarnesi. Desember 2012. Náttúrufræðistofa Kópavogs.
- » Frumrannsókn á lífríki Daltjarnar á Seltjarnarnesi. Desember 2011. Náttúrufræðistofa Kópavogs.
- » Grunnrannsókn á lífríki Bakkatjarnar á Seltjarnarnesi. Mars 2009. Náttúrufræðistofa Kópavogs.
- » Hagir og líðan barna í Grunnskóla Seltjarnarness - Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6., 7. og 8., 9., 10. bekk á Seltjarnarnesi. Rannsóknir og greining, Háskólanum í Reykjavík.
- » Menningarstefna Seltjarnarnesbæjar.
- » Nesið í nýju ljósi. Íbúáþing á Seltjarnarnesi. Greinargerð um niðurstöður íbúáþing. Febrúar 2003. Alta.
- » Skólastefna Seltjarnarness.
- » Staðardagskrá 21. Seltjarnarnesbær.
- » Tillögur starfshóps um öryggismál. Janúar 2005. Seltjarnarnesbær.
- » Umhverfisstefna Seltjarnarness. Samþykkt í bæjarstjórn 27. mars 2002.
- » Úttekt á Grunnskóla Seltjarnarness. Maí 2012. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- » Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2007. Mars. 2008. Jóhann Óli Hilmarsson.
- » Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2009. Maí 2010. Jóhann Óli Hilmarsson.
- » Varpfuglar á Seltjarnarnesi sumarið 2011. Október 2011. Jóhann Óli Hilmarsson.
- » Vímuefnaneysla ungs fólks á Seltjarnarnesi. Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi. Rannsóknir og greining.
- » Þjónustukönnun meðal íbúa, mars - apríl 2008. Capacent Gallup.



Samantekt þessi og sjö viðmið er unnið í umsjón Alta. Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum Alta.

STÖÐUGREINING

OPIÐ ÍBÚAÞING SAMANTEKT

ÞANN 7. FEBRÚAR 2013 VAR HALDIÐ OPIÐ ÍBÚAÞING Í VALHÚSASKÓLA. MARKMIÐ ÞESS VAR AÐ KALLA EFTIR HUGMYNDUM OG ÓSKUM ÍBÚA UM FRAMTÍÐARSÝN OG FORGANGSVERKEFNI FYRIR LYKILMÁLAFLOKKA, SEM MIÐA AÐ ÞVÍ AÐ BÆTA UMHVERFI OG SAMFÉLAG Á SELTJARNARNESI.

ÍBÚAÞINGIÐ TÓKST MEÐ MIKLUM ÁGÆTUM. HÁTT Í EITT HUNDRAÐ ÍBÚAR SÓTTU ÞINGIÐ OG TÓKU ÞÁTT Í AÐ MÓTA FRAMTÍÐARSÝN SELTJARNARNESS Í UMHVERFIS- MÁLUM OG BERA KENNSL Á FORGANGSVERKEFNI TIL NÆSTU FIMM ÁRA.

Í KJÖLFAR ÞINGSINS VAR OPNAÐ FYRIR HUGMYNDA- BANKA Á HEIMASÍÐU SELTJARNARNESS ÞAR SEM ÍBÚUM GAFST TÆKIFÆRI TIL AÐ BÆTA VIÐ HUGMYNDUM OG KOMA Á FRAMFÆRI ÁBENDINGUM BEINT TIL STARFS- MANNA SVEITARFÉLAGSINS.

Á NÆSTU SÍÐUM ER GERÐ GREIN FYRIR NÚVERANDI STÖÐU Í SJÖ LYKILMÁLAFLOKKUM ER TENGJAST UMHVERFI OG SAMFÉLAGI Á SELTJARNARNESI. EINNIG ERU LISTAÐAR HUGMYNDIR ÍBÚA UM FRAMTÍÐARSÝN OG FORGANGSVERKEFNI TIL NÆSTU FIMM ÁRA.



SAMGÖNGUR OG AÐGENGI

Sérstaða Seltjarnarness í samgöngum og aðgengi, að mati íbúa er að sveitarfélagið er laust við mikla umferð. Það eru stuttar vegalengdir í alla þjónustu og almennt stutt fyrir börn að sækja skóla, leikskóla og tómstundastarf auk þess sem stutt er að sækja menningu í miðborg Reykjavíkur. Þá þykir samgöngu- og stígakerfi ásamt grænum svæðum gott.

Hvar stendur Seltjarnarnes í þessum málaflokki?

SAMGÖNGUR OG AÐGENGI

- » Meiri hluti heimila er í < 400 m fjarlægð frá biðskýlum.
- » Grunnskóli og leikskóli er í < 800 m fjarlægð frá meirihluta heimila.
- » Þjónusta og heilsugæsla er í < 600 - 800 m fjarlægð frá meirihluta heimila.
- » Ný byggð við Bygggarða ekki inni í þessu neti.
- » Göngu- og hjólaleiðir - tengistigar innan hverfa eru 4,3 km.
- » Malbikaður aðalstigur meðfram strandlengju eru 5 km.
- » Breikkun og sérakrein fyrir hjól á aðalstígum er á dagskrá.

Hvað vilja íbúar sjá gerast í þessum málaflokki?

ÖRYGGI OG AÐGENGI

- » Bæta lýsingu á gönguleiðum.
- » Sjálfvirk umferðarljós.
- » Bæta göngu- og hjólastíga inni í hverfunum, hvað varðar öryggi gagnvart bíla-umferð og minnka kanta og háar brúnir við gangstéttir. Sérstaklega við skólana.
- » Öruggeri gönguleiðir frá heimili til skóla.

HJÓLA- OG GÖNGUTENGINGAR

- » Breikka stofnstíga allan hringinn um Nesið fyrir hjólandi/gangandi.
- » Bæta göngustíga á Valhúsahæð og hafa aðgengi fyrir alla.

HJÓLASAMGÖNGUR

- » Bæta hjólastæði við skóla / íþróttahús.
- » Hjólreiðum fylgir mikill hraði. Aðskilja hjóla- og göngubraut og merkja.
- » Fjölga hjólastæðum við skóla, íþróttamiðstöð, við Gróttu og við Bakkatjörn.
- » Taka út Suðurmýri. Búa til einn Nesveg með hjóla- og göngustíg.
- » Fleiri hjólastæði við skóla og íþróttamannvirki. Hægt sé að læsa hjólum við grindur.
- » Hvetja til göngu/hjólreiða í skóla.

ALMENNINGSAMGÖNGUR





- » Upplýst og upphituð strætóskyli.
- » Strætó út á Gróttu – vetnisstrætó og túristastrætó.
- » Koma á betri tengingu strætó við stofnleiðir í Reykjavík t.d. Kringluna og framhaldsskóla í Austurbænum.

BÍLASTÆÐI

- » Ekki tímabært með rafmagnsstæði.
- » Nýtt 45-60° bílastæðaskipulag við sundlaug með viðbættri röð í miðjunni.
- » Fleiri bílastæði.
- » Bílastæði við leikskóla eru ónýtt.

Hvaða verkefni telja íbúar mikilvægust á næstu 5 árum?

- » Bæta göngu- og hjólastíga inni í hverfunum, hvað varðar öryggi gagnvart bíla-umferð, kanta og háar brúnir við gangstéttir. Sérstaklega við skólana.
- » Betri strætótengingar, ekki bara niður í bæ heldur lengra áfram t.d. í framhaldsskólana.
- » Bæta og breikka göngu- og hjólastíga í kringum Seltjarnarnesið. Átak í reiðhjólástígagerð og merkingum leiða.
- » Strætó í Snoppu.
- » Taka út Suðurmýri, hafa eina götu og hjóla- og göngustíga við Nesveg.
- » Breikka hjólastíga.
- » Bæta og efla umferðaröryggi í kringum skóla & íþróttamiðstöð.
- » Girðing milli bílastæða við sundlaug og Suðurströnd.
- » Auka öryggi barna og gangandi vegfarenda, aðskilja göngu og hjólastíga.
- » Fleiri hjólastæði við skóla og íþróttamannvirki. Hægt sé að læsa hjólum við grindur.



ORKA, ÚRGANGUR OG MENGUN

Sérstaða Seltjarnarness í orku-, úrgangs- og mengunarmálum er, að mati íbúa, að sveitarfélagið hefur yfir eigin hitaveitu að ráða með góðu vatni til heilsubóta. Þá þykir vel staðið að hirðingu á garðaúrgangi.

Hvar stendur Seltjarnarnes í þessum málaflokki?

ORKA, ÚRGANGUR OG MENGUN

- » Sjálfbær hitaveita - affall nýtt til upphitunar á gervigrasvelli o.fl.
- » Frá og með haustinu 2013 verður öllu skólpi dælt í hreinsistöð við Ánanaust og Ægissíðu.
- » Innleiðing bláu tunnunnar hefst í sumar.
- » Allar opinberar stofnanir flokka sörp.
- » Sumar flokka jafnframt lífrænan úrgang.
- » Moltu dreift á flest beð bæjarins og stofnanalóðir.
- » Leikskóli og Grunnskóli Seltjarnarness hafa hlotið Grænfánann.
- » Leikskóli Seltjarnarness einn þriggja á landinu sem hafa hlotið Grænfánann fimm sinnum.
- » Áhugi fyrir því að nýta vistvæna orkugjafa í rekstri bíla áhaldahúss.
- » Við endurnýjun ljósastaura er hugað að sparneytni, orkunýtni og ljósmengun.

Hvað vilja íbúar sjá gerast í þessum málaflokki?

FJÖLNÝTINGARTÆKIFÆRI HEITA VATNSINS

- » Nýta affall af heitu vatni betur til að hita í kringum skóla/skólalóðir og endurnýjaðar gangstéttar.
- » Sameiginlegur forhitari fyrir allt Nesið og ylströnd.
- » Nýta heita vatnið betur, leiða það út í Seltjörn.

FLOKKUN OG ÚRGANGUR

- » Stefna að meiri flokkun úrgangs.
- » Íbúar fái bláu tunnu og góða fræðslu um notkun og ávinning hennar.

LJÓS OG LJÓSMENGUN

- » Ljós tengd göngu- og hlaupaleiðum verði með hreyfiskynjara.
- » Auka ljósmagn á götum, m.a. á gatnamótum.
- » Draga úr ljósmengun og selja myrkur og þögn.

Hvaða verkefni telja íbúar mikilvægust á næstu 5 árum?

- » Fara alla leið í endurvinnslu. Líka lífrænt o.s.frv.
- » Nýta betur heita vatnið.
- » Nýta affall heita vatnsins í gangstéttar.
- » Ylströnd við Seltjörn/Snoppu og nýta heita vatnið til þess að útbúa baðstað yfir sumarið.



NÁTTÚRUARFUR

Íbúar telja Seltjarnarnes búa yfir ríkri sérstöðu hvað náttúruarf varðar. Sérstaðan felst meðal annars í aðgengi að óspilltri náttúru við bæjarfótinn, ríku fuglalífi og góðu eftirliti með því, meðal annars með fuglatalningu og eftirliti með búsvæðum fugla. Vestursvæðið er talin mikil náttúruperla og Gróttan og vitinn tákn fyrir Seltjarnarnes. Fjaran og sjórinn eru einnig náttúruperlur Seltjarnarness og mikilvægt aðdráttarafl fyrir heimamenn sem aðkomumenn.

Hvar stendur Seltjarnarnes í þessum málaflokki?

NÁTTÚRUARFUR

- » Gróttan og Bakkatjörn friðlýst.
- » Valhúsaheði, Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes á náttúruinjasrá.
- » Deiliskipulagsgerð um Valhúsaheði framundan.
- » Vöktun varpfugla - annað hvert ár. Fylgst með öðru fuglalífi.
- » Búðatjörn, Bakkatjörn, Daltjörn - gögn um lífríki og eðlisþætti safnað saman og rannsökuð.
- » Fersku vatni dælt í Daltjörn til að sporna við ofþornun.
- » 134 fuglategundir taldar á Seltjarnarnesi, þar af 30 varpfuglar.
- » Fræðasetur starfrækt í Gróttu.

Hvað vilja íbúar sjá gerast í þessum málaflokki?

FRÆÐSLA

- » Að skólabörn geti nýtt útivistarsvæði til útikennslu.
- » Fuglaskiltin verði endurnýjuð reglulega.
- » Bæjarfélagið gefi út kortabók um fuglafánu og flóru á Vestursvæði.
- » Tengslum náttúru og sögu verði viðhaldið.
- » Efla fræðsluhlutverk Nesstofu og tengdra safna, þar með talið jurtagarðs.

EFTIRLIT


- » Halda jafnri (stöðugri) vatnshæð í þeim tjörnum sem eru á Suðurnesi.
- » Leyfa flóru Íslands að dafna óáreittri á Valhúsaheði og víðar.
- » Bjöllur á alla ketti.

UPPBYGGING

- » Bakkatjörn – hlúa vel að. Bæta aðstöðu s.s. gönguleiðir í kring, fuglaskoðunarhús án þess að styggja fuglana.
- » Má samt ekki skemma opin svæði með stígum.
- » Halda Vestursvæðinu sem mest óhreyfðu, vantar stíga þar við Nesstofu.

Hvaða verkefni telja íbúar mikilvægust á næstu 5 árum?

- » Deiliskipuleggja Valhúsaheði.
- » Vernda Vestursvæði sem fólkvang.
- » Jafnræðis sé gætt með hunda- og kattaeigendum. Lausaganga katta og hunda bönnuð með reglugerð, efla eftirlit með lausagöngu hunda og katta.
- » Endurheimta Seltjörn, stöðva landbrot, skipuleggja Gróttu og Seltjarnarströnd, „Snoppu.“
- » Auka notagildi Vestursvæðis í sátt.
- » Bakkatjörn og nágrenni. Bæta allt svæðið þannig að það nýtist betur til útivistar og ánægju, án þess að trufla fuglalífið. Koma upp „hýsi“ við tjörnina (sbr. Vatnsnýri og Lækinn í Kópavogi).
- » Efla fræðsluhlutverk (Nesstofu og tengdra safna).
- » Þurfum að endurheimta Seltjörn og stöðva landbrot.
- » Vestursvæðin verði vernduð og verði óbreytt án mannvirkja – ekki allir í hópnum sammála um það.
- » Taka úr sjóvarnagarði á fleiri stöðum til að auðvelda aðgengi niður í fjörur kringum Nesið.





ALMENNINGSRÝMI

Helsta sérstaða Seltjarnarness hvað almenningsrými varðar eru fjölbreyttir útivistarmöguleikar rétt við bæjardyrnar. Afmörkun Seltjarnarness með hafið á þrjá vegu er einnig sterk sérstaða og margir höfðu orð á strandlengjunni og nálægð við sjóinn. Aðgengi að opnum svæðum þykir gott og samþætting verndunar og nýtingar náttúru og útivistarsvæða eitt sérkenna Seltjarnarness.

Hvar stendur Seltjarnarnes í þessum málaflokki?

ALMENNINGSRÝMI

- » Mörg heimili eru í >100 m frá leiksvæðum smábarna.
- » Flest heimili eru í < 300 -400 m frá opnum svæðum og leiksvæðum.
- » Allt Seltjarnarnesið er í < 2 km frá stóru útivistarsvæði og golfvelli.
- » Skörð í sjóvarnargarði og tröppur á þremur stöðum auðvelda aðgengi að fjöru.
- » Áhugi í bæjarstjórn að skoða sjóbaðstaðstöðu og mögulega ylströnd við Seltjörn.
- » 5 km stígur meðfram strandlengju auk 2,16 km ómalbikaðs útivistarstígar.
- » Farið verður í breikkun og malbikun aðalstíga meðfram strandlengju .
- » Göngu- og hjólréiðakort á vef bæjarins.
- » Golfvöllur Seltjarnarness hefur sótt um umhverfissvottun Golf Environment Organization og yrði þar með fyrsti umhverfissvottaði golfvöllurinn á Íslandi.
- » 56 ruslastampar.
- » 48 bekkir og 7 borð með áföstum bekkjum.



Hvað vilja íbúar sjá gerast í þessum málaflokki?

GRÓÐUR

- » Lagfæra Valhúshæð og snyrta við fótboltavöll og brennustæði með lágreistum íslenskum gróðri, t.d. 80 – 100 cm sem tekur ekki frá útsýni.
- » Auka við gróðurskjólbelti í Bakkagarði, Valhúshæð og Plútóbrekku.
- » Skjól við göngustígana og gróðursetja skjólbelti meðfram aðalgötum bæjarins.
- » Reglur um trjágróður í gördum t.d. til að halda í útsýni.

AÐSTAÐA

- » Fleiri „Ólgur“ á ströndina við hákarlaskúrinn.
- » Fleiri borð svo sem við fótabaðið.
- » Endurvekja og bjóða upp á starf í matjurtagörðum fyrir skólabörn, fjölskyldur og aðra.
- » Grenndargarðar við Nesstofu.
- » Auka notkun tengda sjónum, t.d. aðstöðu fyrir sjósundfólk og aðra. Ylströnd fyrir sjósund.
- » Ylströnd á Suðurströnd eða annars staðar í námunda við smábátahöfn.
- » Fjölnotahús við Snoppu fyrir t.d. sjósund, fuglaskoðun, náttúruskoðun, norðurljós, sólarlag, göngufólk, skokkara.
- » Umdeilt mjög hvort það eigi að nýta Vestursvæði undir golf: 9 holu golfvöll (ekki allir sammála um þetta í hópnum) með tilheyrandi göngustígum í sátt við íbúa Seltjarnarness.
- » Landfylling norður af golfvelli fyrir golfið.
- » Viðhalda útivistarsvæðum sem slíkum (ekki stækka golfvöll).
- » Ekki púttvöll við Snoppu – bara golfvöll á núverandi svæði.
- » Bæta aðgengi fólks að Vestursvæði til að auka við fuglalífið - maðurinn færir burt varginn.
- » Nýta Valhúshæð fyrir „frjásar“ ípróttir einstaklinga, t.d. langstökk, kúluvarp.
- » Deiliskipuleggja Valhúshæð: 9 holu par 3 völl.

VIÐHALD


- » Lagfæra hellulögn á gangstéttum og lýsingu við Eiðistorg.
- » Halda áfram með að endurnýja gangstéttir og lagnir í götum.
- » Leiksvæði vantar á ákveðin svæði, t.d. í Lambastaðahverfi og endurbæta þar sem þarf.
- » Auka við fjölbreytni og halda betur við svæðum, t.d. í Bakkagarði og Plútóbrekku.
- » Fleiri manir, sbr. Suðurströnd, bátahöfn. Athuga líka leiksvæði.
- » Vantar ruslastampa við kirkju og biðskýli.

TENGINGAR

- » Tengja betur svæði innan miðbæjar.
- » Tengja betur græn svæði, þ.e. þau verði órofin heild.
- » Órofin gönguleið meðfram allri ströndinni.
- » Fjölbreyttar og tengdar gönguleiðir á svæðinu.
- » Vantar gönguleiðir inni á Vestursvæði.
- » Gangstíga milli Nesstofu og Seltjarnar.
- » Laga göngustíg í kringum golfvöll.
- » Má tengja Bakkavör, Valhúshæð og Plútóbrekku og hugsa sem eina heild.

Hvaða verkefni telja íbúar mikilvægust á næstu 5 árum?

- » Halda áfram með hellulögn gangstétta og bæta lýsingu þar sem þarf.
- » Gróðursetja skjólbelti meðfram götum.
- » Bæta aðstöðu golfara: 9 holu golfvöll. Auka notagildi Vestursvæðis með æfingavelli fyrir eldri borgara.
- » Lítil golfvöllur (par 3) fyrir neðan Ráðagerði.
- » Klára deiliskipulag og skipuleggja græn svæði.
- » Samfelld gönguleið með allri ströndinni, alveg að Ægissíðu.
- » Ylströnd við Seltjörn eða Smábátahöfn.
- » Ylströnd (Seltjörn) þar sem hægt væri að koma henni vel fyrir. Færa grjótgard út fyrir.
- » Veita heitu vatni í ylströnd sunnan megin – sjóbaðstaða, bekkir við göngustíg, aðstaða til skipta.
- » Bakkatjörn – stíga, bekki og útsýnishús.
- » Tengja grænu svæðin í miðjunni (Plútó, Bakkagarður, Valhúshæð).
- » Nýting túns við Snoppu. Ónýtt svæði sem mætti gera að útiþróttasvæði s.s. púttvöll, frisbigolf o.s.frv. Gera aðstöðu fyrir útivistarfólk (hreinlætis- og veitinga-aðstaða).



SKIPULAG OG STAÐARMÓTUN

Sérstaða Seltjarnarness hvað skipulag og staðarmótun varðar er meðal annars sterk landfræðileg afmörkun sveitarfélagsins og fallett útsýni sem víða má njóta. Staðsetning og samþjöppun þjónustu minnkar þörf á ferðum. Seltjarnarnes býr að sterkri miðju samfélagsins sem tengir það saman með leik- og grunnskóla, íþróttastaði, sundlaug og verslunum á litlum bletti.

Hvar stendur Seltjarnarnes í þessum málaflokki?

SKIPULAG OG STAÐARMÓTUN

- » Öll þjónusta á tiltölulega litlu svæði.
- » Tvær aðalgötur skera á þjónustusvæði.
- » Deiliskipulagsgerð fyrir allt Seltjarnarnesið verður lokið 2013.
- » Miðbærinn verður deiliskipulagður 2013.

Hvað vilja íbúar sjá gerast í þessum málaflokki?

- » Hraðahindrun við Fornuströnd.
- » Athuga kaffihús og spjallhorn – sköpuð aðstaða fyrir veitingarekstur til að auka mannlífið, t.d. í eða við Björgunarsveitarhúsið.
- » Fjarlægja bensinstöð af Eiðistorgi.
- » Tengja „campus“ við Eiðistorg t.d. með undirgöngum.
- » Tenging nýrrar byggðar við „hjartað.“
- » Hjarta bæjarins eru skóla- og íþróttasvæðið yfir á Eiðistorg. Vantar betri tengingu á milli og meira flæði.

Hvaða verkefni telja íbúar mikilvægust á næstu 5 árum?

- » Deiliskipuleggja Valhúsaá. Svæði.
- » Deiliskipuleggja græn svæði.
- » Undirbúa að tengja saman „campus“ og Eiðistorg og gera torgið meira aðlaðandi.



SAMFÉLAG OG LÝÐHEILSA

Sérstaða Seltjarnarness í samfélagi og lýðheilsu er ekki hvað síst fólgin í smæð og nánd sveitarfélagsins. Þar ríkir samheldni, fólk þekkt og samfélagið er barnvænt. Margir töluðu um „sveit í borg“ og vildu leggja áherslu á kosti Seltjarnarness sem lítils sveitarfélags með sterka tengingu við miðborg Reykjavíkur. Hér er góð þjónusta við fjölskyldur og greinileg ánægja með samfelli og samstarf skóla og tómstunda. Samspil náttúru og íbúa stuðlar að heilbrigði íbúanna sem og góðir félagslegir innviðir skóla, íþróttafélaga, heilsuræktar og heilbrigðisstofnana.

Hvar stendur Seltjarnarnes í þessum málaflokki?

SAMFÉLAG

- » „Campus“svæðið í kringum skóla, íþróttasvæði og heilsugæslu er í hugum margra hjarta bæjarins.
- » Aukin fjölbreytni í íbúðargerðum með nýrri byggð í Byggjörðum og á Skerjabraut.
- » Atvinnustarfsemi leggst af í Byggjörðum þegar íbúðarhverfi verður fullbyggt.
- » Eldri borgarar á Seltjarnarnesi með þeim ánægðustu skv. könnun Capacent.
- » Hjúkrunarheimili á framkvæmdaráætlun 2013.
- » Þjónustukort til handa atvinnulausum.
- » Virk hverfagæsla - fjórir bílar áhaldahúss keyra um hverfið og öryggismyndavélar við bæjarmörkin.
- » Jafnréttisnefnd beitir sér fyrir jafnréttismálum innan bæjarins.
- » Vinnuskólinn og Listahópur Seltjarnarness starfræktur á sumrin.
- » Skólafestna endurskoðuð 2011.
- » Samstarf leikskóla við Íþróttaskóla Gróttu og Tónlistarskóla Seltjarnarness.
- » Öflugt foreldrasamstarf í leikskóla og grunnskóla Seltjarnarness.
- » Nýtt skipulag yfirstjórnar Seltjarnarness með flötum strúktúr og styttri boðleiðum innleitt 2010.
- » Virkt samráð við íbúa í skipulagsmálum.

LÝÐHEILSA

- » Samanburðarkönnun staðfestir víðtækt samstarf stofnana og foreldra um öflugt forvarnarstarf.
- » Minni neysla áfengis og reykinga meðal unglunga m.v. landið allt .
- » Góð líðan nemenda og einelti í lágmarki (skv. mælingum Skólupúlsins).
- » Tómsundastyrkir þeir hæstu á landinu.
- » Íþróttafélagið Gróttu með öflugt starf í fjórum deildum - samfella í skóla- og íþróttastarfi yngstu barna.
- » Íþróttamaður og -kona Seltjarnarness kjörin árlega.
- » Samræmt skipulag grunnskóla, íþróttastarfs og félagsmiðstöðvar.
- » Sundlaug Seltjarnarness, World Class, golfvöllur vel nýtt frá morgni til kvölds.
- » Útivistar- og aðalstígar meðfram strandlengju 5 km.
- » Efnasamsetning heita vatnsins lík baðvatni heilsuáðstaða (t.d. Baden Baden).
- » Trimmklúbbur Seltjarnarness með æfingar 3x í viku, sundleikfimi kennd 4x í viku án endurgjalds. Eldri borgarar fá frítt í sund.

Hvað vilja íbúar sjá gerast í þessum málaflokki?

ÞJÓNUSTA

- » Fá Securitas aftur.
- » Auka þjónustu við aldraða sem fyrst þar sem því verður við komið, t.d. má gera meira fyrir Eiðismýri 30.
- » Flytja bæjarskrifstofur í kjallarann á Lækningaminjasafni.

STÖRF OG ATVINNA

- » Fá inn fleiri fyrirtæki og fjölga störfum innanbæjar.
- » Fjölga litlum fyrirtækjum. Það er til svolítið húsnæði.

SAMVINNA



- » Fleiri samvinnuvettvanga – íþróttafélög, skóla, kirkju o.s.frv.
- » Sameiginlegar aðgerðir – hafa t.d. hreinsunardag.

HJARTA BÆJARINS

- » Hjarta bæjarins. Þarf eitt hjarta? Búa til mörg hjörtu, í kringum útivist, íþróttir og menningu.
- » Endurskipuleggja Eiðistorg sem hjarta bæjarins með menningartengda starfsemi, bæjarskrifstofum, smáfyrirtækjum, t.d. frú Laugu, sprotafyrirtækjum.
- » Það þarf að lyfta þaki Eiðistorgs.
- » Byggja yfir hjartað, svipað og í Kópavogi (Hamraborgin).
- » Heilsuþætur í tengingu við Lækningaminjasafn.

Hvaða verkefni telja íbúar mikilvægust á næstu 5 árum?

- » Lýsing og myndavélar á bílastæðinu við Gróttu/Snoppu/golfvöll.
- » Endurskipuleggja Eiðistorg sem hjarta með bæjarskrifstofum, sérvörum, menningarstarfsemi.
- » Auka íbúðakosti fyrir ungt fólk og aldraða.
- » Hjúkrunarheimili sem fyrst.
- » Laga Eiðistorg – þak og hljóðvist.
- » Íþróttastarf: fimleikahús – stækkun.
- » Samstarf við KR.
- » Samstarf um afmörkuð málefni. Forvarnir hafa t.d. gengið vel – hægt að nota sem fyrirmynd.



MENNING

Sérstaða menningar Seltjarnarness er áhugaverð saga lands og byggðar. Þar er gott menningarstarf og gott bókasafn. Margir nefndu að menningin ætti að tengjast náttúrunni sterkum böndum en að það vantaði samverustað eða menningarhús. Nesstofa og vitinn í Gróttu eru hluti af sérstöðu Seltjarnarness en mætti nýta betur.

Hvar stendur Seltjarnarnes í þessum málaflokki?

MENNING

- » Bókasafn miðpunktur lifandi starfsemi.
- » Starfsemi Tónlistarskólans - samfella í skóla- og tónlistarstarfi barna.
- » Félagsmiðstöðin Selið með öflugt vetrarstarf fyrir unglinga.
- » Samstarf Tónlistaskólans og bókasafns (Te og tónlist).
- » Samstarf við Seltjarnarneskirkju um menningarviðburði.
- » Bæjarlistamaður.
- » Fjölbreyttir árlegir viðburðir:
 - » 17. júní
 - » Sumardagurinn fyrsti
 - » Jónsmessuganga Menningarnefndar Seltjarnarness
 - » Fjölskyldudagur Gróttu
 - » Áramótabrenna
- » Menningarhátíð Seltjarnarness haldin haust 2013.
- » Seltjarnarnes hefur hætt þátttöku í uppbyggingu Lækningaminjasafns við Nes.
- » Fornleifaskráningu fyrir sveitarfélagið í heild sinni lauk 2006.

Hvað vilja íbúar sjá gerast í þessum málaflokki?

- » Nýta Lækningaminjasafn undir gistiheimili eða menningarstarfsemi.
- » Fleiri viðburði eins og í bókasafni sem hafa verið vel sótt t.d. Pétur og úlfurinn.
- » Nýta bréfskólann betur sérstaklega yfir vetrartímann „Myrkvaverk/kvöldvökur.“
- » Eldri kenni yngri félagsvist. Yngri kenni eldri á tölvur.
- » Tölvunámskeið unglinga fyrir eldri borgara.
- » Merkja stríðsminjar.
- » Setja upp höggmyndagarð t.d. út frá kirkju.
- » Endurskilgreina hlutverk félagsheimilis – menningarmiðstöð, miðstöð æskulýðsstarfsemi.
- » Svefnbær – á ekkert að gera þarna? Sameinast Reykjavík v.þ.a. við erum svo fá. Getum ekki haldið uppi lífi.

Hvaða verkefni telja íbúar mikilvægust á næstu 5 árum?

- » Eiðistorg – auka hlutverk þess sem samkomuhús.
- » Gera betur við erlenda ferðamenn sem vilja heimsækja Seltjarnarnes.
- » Kaffihús í Lækningaminjasafninu.
- » Hús Lækningaminjasafns: Finna nýtt hlutverk: Heilsubær – salir - kaffihús.




7

**VIÐMIÐ
SELTJARNARNESS**

Á NÆSTU SÍÐUM ERU SETT FRAM SJÖ VIÐMIÐ Í MÁLA-
FLOKKUM SEM BEINAST AÐ ÞVÍ AÐ BÆTA UMHVERFI OG
SAMFÉLAG Á SELTJARNARNESI.

VIÐMIÐIN SJÖ ERU UNNIN UPP ÚR BESTU VENJUM ÁSAMT
FRAMTÍÐARSÝN OG FORGANGSVERKEFNUM SEM VORU
SKILGREIND Á OPNU ÍBÚAÞINGI EINS OG FJALLAÐ ER UM Í
INNGANGI.



#1

SAMGÖNGUR OG AÐGENGI

VIÐ AUKUM MÖGULEIKA Á SJÁLFBÆRUM SAMGÖNGUM OG DRÖGUM ÞANNIG ÚR NEIKVÆÐUM ÁHRIFUM SAMGANGNA Á UMHVERFI OG HEILSUFAR MEÐ ÞVÍ AÐ:

1. Skilgreina og merkja öruggar göngu- og/eða hjólaleiðir frá öllum helstu íbúðarhverfum í skóla og tómstundir.
2. Skilgreina stofnleiðir hjólandi og gangandi umferðar með aðskildum og merktum göngu- og hjólastígum.
3. Bjóða upp á hjólastæði við allar opinberar stofnanir og helstu áfangastaði útivistarsvæða (Gróttu, Bakkatjörn, golfvöllur) þar sem hægt er að geyma hjól á öruggan máta.
4. Knýja á um betri strætisvagnatengingar við stofnleiðir og lykilstofnanir svo sem verslanir og framhaldsskóla í austurbæ Reykjavíkur.
5. Knýja á um að strætisvagnar er aka um Seltjarnarnes gangi fyrir vistvænum orkugjöfum á borð við vetni.
6. Skoða möguleika á bættu leiðakerfi almenningsvagna og tengingu við nýtt íbúðarhverfi við Bygggarða og í Snoppu.
7. Hvetja til aukins hlutfalls gönguferða og hjólreiða í styttri ferðum (<5 km) með því að tryggja öruggt og aðlaðandi umhverfi fyrir þessa samgöngumáta.

#2

ORKA, ÚRGANGUR OG MENGUN

VIÐ NÝTUM VISTVÆNAR ORKUAUÐLINDIR OKKAR Á SKYNSAMAN OG HAGKVÆMAN HÁTT OG MEÐHÖNDLUM ÚRGANG Í SAMRÆMI VIÐ BESTU VENJUR MEÐ ÞVÍ AÐ:

1. Stuðla að auknum fjölnýtingartækifærum heita vatnsins, þar með talið að nýta affall á hagkvæman hátt.
2. Nýta endurnýjanlegar orkuauðlindir okkar á sjálfbæran hátt og ganga ekki á þær að óþörfu.
3. Meðhöndla úrgang í samræmi við bestu venjur og endurnýta og endurvinna í meira mæli.
4. Bjóða íbúum upp á að flokka lífrænan úrgang.
5. Spara orku með orkunýttinni lýsingu og draga úr ljósmengun á göngu- og hjólastígum utan byggðar með hreyfiskynjaðri lýsingu.



#3

NÁTTÚRUARFUR

VIÐ UMGÖNGUMST NÁTTÚRUARF OKKAR AF ÁBYRGÐ OG TRYGGJUM JAFNAN AÐGANG AÐ HONUM. VIÐ LEITUMST VIÐ AÐ VARÐVEITA HANN M.A. MEÐ ÞVÍ AÐ:

1. Tryggja að fyrir liggi heildarsýn um uppbyggingu og nýtingu svæða sem eru rík af náttúruarfi fyrir allt Nesið á næstu fimm árum.
2. Standa að útgáfu korta og annars fræðsluefnis er lúta að fuglum og flóru Íslands á Seltjarnarnesi.
3. Auka eftirlit með lausagöngu hunda og katta. Stuðla að reglugerð sem komi í veg fyrir lausagöngu.
4. Stuðla að og auka líffræðilega fjölbreytni með því að gróðursetja innlendar tegundir sem laða að sér skordýr og fugla á mikilvægum búsvæðum, þar sem við á.
5. Hlúa að íslenskri flóru og tryggjum að hún geti vaxið óáreitt þar sem við á.
6. Marka stefnu um umhverfisfræðslu og miðla og gera þátttöku samfélagsins í umhverfismálum að möguleika.
7. Koma upp aðstöðu fyrir útikennslu og náttúruskoðun á völdum stöðum, til að mynda við Bakkatjörn.



#4

ALMENNINGSRÝMI OG OPIN SVÆÐI

VIÐ BYGGJUM UPP OG HÖLDUM VIÐ FJÖLBREYTTTRI FLÓRU ALMENNINGSRÝMA SEM STUÐLA AÐ BÆTTUM LÍFSGÆÐUM ÍBÚANNA:

1. Móta áætlun um útvistarsvæði og almenningsrými með víðtæku samráði og aðkomu hagsmunaaðila, svo sem ólíkra útvistarhópa.
2. Notaðu trúgróður markvisst til skjólmyndunar í almenningsrýmum og við uppbyggingu götumyndar.
3. Þjóða íbúum upp á aðstöðu þar sem hægt er að halda matjurtagarða.
4. Byggja upp og halda við fjölbreyttum leiksvæðum sem höfða til mismunandi aldurshópa og eru staðsett í minna en 200 – 400 m fjarlægð frá meirihluta heimila.
5. Tryggja endurnýjun og viðhald á almenningsrýmum.



#5

SKIPULAG OG STAÐARMÓTUN

VIÐ MÖRKUM FRAMTÍÐARSÝN UM SKIPULAG OG
HÖNNUN MEÐ HLIÐSJÓN AF SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN. VIÐ
OPNUM GÁTT AÐ GÓÐU SKIPULAGI OG STAÐARMÓTUN
MEÐ ÞVÍ AÐ:

1. Gera skipulag þannig úr garði að það styðji við og ýti undir heilbrigði íbúa og samfélagsins alls.
2. Seltjarnarnesbær ljúki deiliskipulagsvinnu í sveitarfélaginu öllu.
3. Mæta þörfum um fjölbreyttar íbúðartegundir og húsnæði.
4. Endurnýta og blása nýju lífi í niðurnídd og vannýtt svæði og setja framkvæmdir á þegar byggðum/röskuðum svæðum í forgang.
5. Tryggja blandaða notkun og fjölbreytt hlutverk bygginga og blöndun íbúðabyggðar og þjónustu í miðbænum.
6. Tryggja að nýjar/endurnýjaðar byggingar séu hannaðar í samræmi við sérkenni byggðar og staðaranda á Seltjarnarnesi.
7. Tryggja að við umhverfismótun séu staðbundin einkenni og menning Seltjarnarness virt og skapa með því tækifæri fyrir miðlun sérstöðu og séreinkenna sveitarfélagsins.



#6

SAMFÉLAG OG LÝÐHEILSA

VIÐ VINNUM AÐ VELFERÐ OG HEILBRIGÐI SAMFÉLAGSINS OG ÍBÚANNA ALLRA MEÐ ÞVÍ AÐ:

1. Tryggja góða þjónustu við íbúa á öllum lífsstigum þannig að Seltjarnarnes verði lífvænlegt samfélag frá vöggu til grafar.
2. Auka verulega möguleika íbúa til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegri ákvörðunartöku
3. Auka samstarf um vel skilgreind afmörkuð málefni með mælanlegum markmiðum (sbr. samstarfshóp um forvarnir).
4. Styrkja Eiðistorg sem hjarta samfélagsins með fjölbreyttari starfsemi og skapa aðstöðu fyrir skilgreinda samkomustaði á lykilsvæðum.
5. Fjölga störfum innanbæjar, til dæmis með því að auka möguleika smærri fyrirtækja til starfsemi innan bæjarmarka.
6. Styðja við heilbrigði íbúa og samfélagsins alls með sérstaka áherslu á forvarnir.
7. Vinna markvisst að uppbyggingu íþrótt- og samfélagsstarfs fyrir íbúa á öllum aldri.





#7

MENNING

**VIÐ LEGGJUM RÆKT VIÐ OG STUÐLUM AÐ MENNINGAR-
LEGRI SJÁLFSMYND MEÐ ÞVÍ AÐ:**

1. Bera kennsl á, varðveita og viðhalda hlutum og svæðum sem miðla hefðum og menningarsögu og veita þannig innsýn inn í sjálfsmynd og sérkenni Seltjarnarness.
2. Setja langtímastefnu og framtíðarsýn í húsnæðismálum og nýtingu menningarstofna s.s. félagsheimilis, Lækninga-
minjasafns o.fl.
3. Stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.
4. Stuðla að varðveislu og miðlun menningarminja með markvissri kynningu á sögu Seltjarnarness, til dæmis á stafrænu formi, með merkingum og öðru fræðsluefni.
5. Hvetja til og leita markvisst leiða til að auka samstarf einstaklinga, atvinnulífs og sveitarfélags í menningarmálum.
6. Auka möguleika íbúa til að hafa áhrif á val og staðsetningu listaverka í almenningrýmum sem efla eða ýta undir staðaranda.
7. Leggja rækt við menningarlega sjálfsmynd og efla ímynd Seltjarnarness sem lifandi og virks samfélags.
8. Auka verulega þátttöku barna og unglunga í menningarstarfi, meðal annars með auknu samstarfi skóla- og menningarstofnana.

